

Sp.

645. Nefndarálit

[75. mál]

um till. til þál. um nýja flugbraut á Egilsstöðum.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur leitað umsagnar eftirtalinna aðila um tillöguna: Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, hreppnefndar Egilsstaðahrepps, Félags ísl. atvinnuflugmanna, Flugfélags Norðurlands, Flugfélags Austurlands, Flugmálastjórnar, samgönguráðuneytis og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

Með bréfi dags. 6. febrúar s. l. skipaði samgönguráðherra nefnd til að vinna að tillögugerð um framkvæmdir í flugmálum. Skal nefndin semja áætlun um almenna flugvelli sem taki til framkvæmda við flugbrautir, öryggistæki, tækjageymslur, flugskýli og flugstöðvar. Í bréfinu segir m. a.: „Við samningu þessarar áætlunar verði lögð áhersla á flugvöllinn á Egilsstöðum og flutning flugbrautar þar.“

Með vísan til þessa leggur atvinnumálanefnd til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 12. apríl 1984.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
form., frsm.
Böðvar Bragason.

Kolbrún Jónsdóttir,
fundaskr.
Eggert Haukdal.
Garðar Sigurðsson.

Egill Jónsson.

Jóhanna Sigurðardóttir.